
Eldisstöð á Röndinni á Kópaskeri, Norðurþing

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 1. mars 2022 lagði Rifós hf. fram umhverfismatsskýrslu um eldisstöð á Röndinni á Kópaskeri til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 24. mars 2022 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 24. mars til 11. maí 2022 á skrifstofu Norðurþings og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Norðurþings, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Rifós hf.

Umhverfismatsskýrsla: Eldisstöð Röndinni Kópaskeri, umhverfismatsskýrsla. Efla, 1. mars 2022.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 1. júní 2022.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Norðurþingi 6. apríl 2022, Hafrannsóknastofnun 7. apríl 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 13. maí 2022, Fiskistofu 29. mars 2022, Matvælastofnun 5. maí 2022, Minjastofnun Íslands 10. maí 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 11. maí 2022, Orkustofnun 18. maí 2022, Umhverfisstofnun 20. maí 2022, Veðurstofu Íslands 10. maí 2022 og Vegagerðinni 12. maí 2022.

2 Forsaga

Fiskeldi Austfjarða lagði inn fyrirspurn um matsskyldu fyrir einum kerjapalli með 2.000 tonna framleiðslugetu laxfiska í júní árið 2020. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að uppbygging á einum palli væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdaraðili hefur fengið nauðsynleg leyfi fyrir einum kerjapalli og hófst laxeldi á honum í apríl 2021.



3 Framkvæmd

3.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 2.1 - 2.4 í umhverfismatskýrslu Rifóss hf. er að finna upplýsingar um framkvæmdina. Fyrirhuguð framkvæmd felst í frekari uppbyggingu fiskeldisstöðvar syðst á Röndinni á Kópaskeri, við Ósa Snartarstaðalækjar. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta eldisins verði um 8.800 tonn af laxfiskum á ári og að standandi lífmassi verði að hámarki 2.700 tonn. Gert er ráð fyrir allt að fjórum kerapöllum sem hver er með allt að átta útikerum, alls 32 ker. Seiðin verða alin í volgum jarðsjó þar til þau verða 300-1.000 g að þyngd en þá verða þau flutt með tankskipi í sjókvíar Fiskeldis Austfjarða í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Vatnsnotkun verður um 980 l/s á ári en vatnstaka úr borholum verður mest 2.160 l/sek og borholur verða 24 talsins. Framkvæmdaraðili er nú þegar með fiskeldisstöð í rekstri á svæðinu sem er með starfsleyfi fyrir 400 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Slyasleppingar

Gert er ráð fyrir tvöföldu öryggi gegn því að seiði sleppi út í viðtaka frá fiskeldinu. Fyrsta vörnin felst í stálist við útfall vatns úr kari og önnur vörnin í að affallsvatn er leitt í gegnum þétta tromlusíu. Með þessari tvöföldu vörn telur framkvæmdaraðili afar ólíklegt að slyasleppingar geti átt sér stað frá tönkunum sjálfum en lögð verður áhersla á reglulegt eftirlit og viðhald með öryggisvörnunum.

3.2 Breytingar gerðar frá matsáætlun

Hönnun stöðvarinnar hefur farið fram samhliða rannsóknum tengdum umhverfismatinu og hafa orðið breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd. Vatnsnotkun og -nýting var endurmetin og reiknað með bættri vatnsnýtingu, þ.e. 80% endurnýtingu í stað 70% og minni vatnsnotkun, þ.e. um 980 l/s í stað um 1470 l/s ársnotkun, miðað við það sem gert var ráð fyrir í matsáætlun. Auk þess hefur staðsetningu borhola verið breytt og þeim dreift betur og gert ráð fyrir að bora holur utan lóðarmarka en í matsáætlun voru allar borholur innan markanna.

4 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatskýrslu Rifóss hf. eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega jákvæð, talsvert jákvæð, óveruleg, talsvert neikvæð, verulega neikvæð umhverfisáhrif og óvissa. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 43 í umhverfismatskýrslunni. Skipulagsstofnun notar einnig fyrrnefndar vægiseinkunnir í þessu álitu auk einkunnarinnar nokkuð neikvæð.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Rifóss hf. á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatskýrslu Rifóss hf. og umsögnum sem bærust á kynningartíma umhverfismatskýrslu auk annarra gagna.

4.1 Grunnvatn og yfirborðsvatn

4.1.1 Mat Rifóss

Fram kemur í umhverfismatskýrslu Rifóss að dæluþrófun hafi verið gerð á vinnsluholum á svæðinu í því skyni að mæla áhrif vatnsvinnslunnar á grunnvatnsstöðu og meta jafnframt hvort vatnsstaða í mýri austur af núverandi vinnsluholum væri undir áhrifum vinnslunnar. Niðurstöður rannsókna bendi til að áhrif dælingar á grunnvatn og vatnafar verði að mestu staðbundin við vinnsluholurnar sjálfar en áhrifa gæti þó einnig á mýri í nágrenni stöðvarinnar. Vatnshæð í mýri virðist ráðast að mestu af veðráttu en þó er ekki hægt að útiloka að vatnshæð í mýrinni sveiflist samhliða dælingu en sveiflan telst þó smávægileg samanborið við áhrif veðurfars. Gögnin sýna einnig að



grunnvatnshæð á svæðinu er tiltölulega fljót að ná náttúrulegu jafnvægi. Rannsóknir á rafleiðni og hitamælingar benda til þess að dælingin muni ekki hafa merkjanleg áhrif á gæði grunnvatns á svæðinu. Vatnsvinnsla mun koma til með að vera breytileg innan ársins en hluta árs verði nær engin vinnsla á svæðinu og muni því svæðið hafa tækifæri á að leita í átt til náttúrulegs jafnvægis og þar með mildist langtímaáhrifin af vinnslunni. Með hliðsjón af ofanrituðu metur framkvæmdaraðili að áhrif vatnsvinnslu á grunnvatn og vatnafar séu staðbundin og breytileg með tíma. Nokkur óvissa er í niðurstöðum rannsókna á áhrifum dælingar vegna þess hve stutt þrúfútimabilið var og því erfitt að segja til um hver áhrif dælingar verða við fulla vinnslu í lengri tíma en áhrif vinnslunnar geta orðið talsvert neikvæð. Neikvæð áhrif eru líklegri til að koma fram eftir því sem borholur eru staðsettar nær hvorri annarri og hyggst framkvæmdaraðili því dreifa álagi með því að dreifa holunum meðal annars norðan þess svæðis sem rannsakað var og steypa yfirborðsfóðringu í þær. Mikilvægt er að fylgjast með mögulegum breytingum í grunnvatni, grunnvatnsstöðu og vatnsstöðu yfirborðsvatns samhliða aukinni dælingu með vöktun á auðlindinni og að endanleg útfærsla vöktunar verði ákveðin í samráði við leyfisveitendur.

4.1.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á þann stutta tíma sem dæluþrófanir hafi farið fram og að þær hafi tekið til einungis fjórðungs af því vatnsmagni sem fyrirhugað sé að dæla upp. Gera þurfi betur grein fyrir þeim borholum sem komi til greina til nýtingar sem og væntanlegri nýtingu þeirra. Jafnframt að styrkja megi forsendur umhverfisáhrifa vegna grunnvatnstöku og að Mikilvægt sé að framkvæmdaraðili geri grein fyrir hver verði viðbrögð hans fari vatnsstaðan fram úr viðmiðum sem sett verða. Umhverfisstofnun bendir á að ef í ljós komi að starfsemin valdi breytingum á vatnshæð í mýri og tjörnum á svæðinu skuli fara í úrbætur til að koma ástandinu í fyrra horf. Náttúrufræðistofnun Íslands tekur í sama streng og telur nauðsynlegt að vakta vatnsstöðuna í votlendinu og tjörnunum og bregðast við með breytingum á vatnstöku eins og þörf er á. Óásættanlegt er ef breytingar verða á vatnafari tjarnanna sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla og annað lífríki og Náttúrufræðistofnun metur með hátt verndargildi.

Rifós bendir á í svörum sínum að endanleg staðsetning borhola liggja ekki fyrir að svo stöddu en staðsetning þeirra verði fyrir hendi þegar sótt verði um leyfi Orkuskiptunar fyrir grunnvatnstöku á svæðinu. Framkvæmdaraðili telji mikilvægt að ekki verði búið að festa endanlega staðsetningu hvernar borholu niður á fyrstu stigum framkvæmdar heldur hafi framkvæmdaraðili svigrúm til þess að aðlaga staðsetningu með tilliti til raunáhrifa dælingar þegar þau komi í ljós. Fyrirtækið Alvarr ehf. hafi haldið áfram rannsóknarborunum eftir að umhverfismatskýrslu var skilað inn til umsagna og að niðurstöður nýjustu rannsókna hafi sýnt að leggja þurfi áherslu á að dýpka holur og síkka yfirborðsfóðringar, en með því telji fyrirtækið að einangra megi ferskvatnsrennsli í átt að lækandi þrýstingi vegna dælingar. Með því að síkka yfirborðafóðringar og einangra efra ferskvatnslag telji framkvæmdaraðili að áhrif dælingar á nærliggjandi votlendi verði hverfandi.

Orkuskiptun bendir á að ekki hafi verið metin áhrif af breytingu á staðsetningu borhola og sé óljóst um niðurdrátt út frá nýrri tilhögun. Þá liggja ekki fyrir af hvaða dýpi áformuð vatnstaka verði og hver áhrif nýtingar verði á yfirliggjandi ferskvatnslínu og yfirborðsvatn og þar með vatnsstöðu nálægðs votlendis og tjarna í grenndinni. Stofnunin telji mikilvægt að þessar upplýsingar liggja fyrir áður en sótt verði um nýtingarleyfi.

Rifós bendir á í svörum sínum að þrátt fyrir þær skekkjur sem kunni að vera til staða í niðurstöðum rannsókna gefi niðurstöðurnar mynd af því hvernig jarðfræði og sprungukerfi svæðisins sé auk þess sem niðurstöðurnar gefi vísbendingar um það hvernig líklegt sé að kerfið muni bregðast við komandi dælingu. Jafnframt gefi gögnin mikilvægar upplýsingar um það hvernig bregðast megi við því ef vöktun bendi til neikvæðrar samsvörunar við aukna dælingu. Framkvæmdaraðili taki undir með Orkuskiptun um að kannanir á áhrifum dælingar til norðurs hefðu gefið áreiðanlegri



niðurstöðu en telji að með fyrirliggjandi gögnum og reglulegri vöktun megi bregðast við ef vart verði við neikvæð áhrif.

Skipulagsstofnun telur að óvissa ríki um áhrif dælingar/vatnstöku á grunnvatnsstöðu sem og á stöðu yfirborðsvatns í nálægu votlendi, m.a. í ljósi þessa stutta tíma sem dælingarprófanir fóru fram og þess takmarkaða vatnsmagns sem dælt var upp í prófununum. Hins vegar virðast fyrrnefndar dælingar sýna talsverðan niðurdrátt en óljóst er hvert umfang hans verður þar sem staðsetning nýrra borhola liggur ekki fyrir. Skipulagsstofnun leggur því áherslu á mikilvægi vöktunar til þess að eyða óvissunni og að skýrt liggi fyrir hver viðbrögð framkvæmdaraðila verði sýni niðurstöður vöktunarinnar að vatnstaka fyrir starfsemina sé að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn og stöðu yfirborðsvatns á svæðinu. Skipulagsstofnun telur, í ljósi þess sem rakið er hér að framan, að áfangaskipta þurfi fyrirhugaðri uppbyggingu eldisins til þess að unnt sé að fylgjast með og meta betur áhrif á seltu, niðurdrátt og grunnvatns- og yfirborðsvatnsstöðu með hliðsjón af vöktun. Skipulagsstofnun telur að nauðsynlegt sé að staðsetning borhola liggi skýrt fyrir í umsókn um nýtingarleyfi Orkuskiptunar og að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um áfangaskiptingu sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós að vafi leiki á hvort svæðið þoli þá vatnsvinnslu sem fyrirhuguð er. Áhrif framkvæmdanna á grunnvatn eru þannig óvissu háð en gætu orðið talsvert neikvæð ef ekki verður brugðist á réttan hátt við niðurstöðum vöktunar.

4.2 Fuglar

4.2.1 Mat Rifóss

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að Náttúrufræðistofa Norðausturlands hafi annast úttekt á fuglalífi á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og var lögð áhersla á að meta umfang hettumáfs- og kríuvarps á svæðinu. Samtals sáust 80 hettumáfar og 360 kríur á svæðinu milli Randar og Snartarstaðalækjar. Út frá þessum tölum má áætla að á svæðinu séu um 49 hettumáfspör og um 241 kríupör. Fram kemur að gera megi ráð fyrir að framkvæmdirnar komi til með að hafa áhrif á bæði vörpin, aðallega í formi búsvæðaeyðingar. Sennilegt sé að kríuvarpið muni þéttast og færast til norðurs, þar sem flestar kríur sé að finna núna. en líklegt sé að hettumáfar yfirgefi þennan varpstað þar sem hann er nánast allur innan lóðamarka. Einnig kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að fuglalíf verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna ásóknar í lífræn efni úr fráveitu þar sem fráveita verði vel hreinsuð og einungis uppleyst efni muni skila sér í viðtaka. Fuglar munu ekki koma til með að geta náð sér í seiði eða fóður í eldiskerjum þar sem öll ker munu verða varin. Niðurstaða framkvæmdaraðila sé að framkvæmdin komi til með að hafa talsvert neikvæð áhrif á fuglalíf en draga megi úr áhrifunum með neðangreindum mótvægisáðgerðum.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að í samræmi við tillögu Náttúrufræðistofu Norðausturlands verði lúpinusvæði norðan framkvæmdasvæðisins slegin eða beitt í þeim tilgangi að kríur geti frekar nýtt það svæði til framtíðar. Einnig verði kannaður áhugi landeigenda/heimamanna á að leggja niður hestagirðingu norðan skipulagssvæðisins svo kría frái frið þar. Þá má draga úr áhrifum á fuglalíf með því að framkvæmdir fari ekki fram á varptíma, þ.e. 15. apríl – 15. ágúst.

4.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Ljóst er að umfangsmikið rask verður á talsvert stórum varpsvæðum kríu og hettumáfs við fyrirhugaðar framkvæmdir og líkur á að hettumáfsvarp leggist af en möguleiki er á að krían færi sig til. Umhverfisstofnun telur að með því að skapa aðstæður fyrir kríur til að verpa megi draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á kríu og þá m.a. með þeim áðgerðum sem Rifós setur fram að tillögu Náttúrustofu Norðausturlands um að slá lúpinubreiður norðvestan framkvæmdasvæðisins (Mynd 1). Til þess að draga úr ónæði leggur Skipulagsstofnun áherslu á að ekki verði um framkvæmdir að ræða á varptíma frá 15. apríl til 15. ágúst. Í umsögn



Náttúrufræðistofnun Íslands er bent á að ekki sé fjallað um hver möguleg áhrif vatnstökunnar á fuglalíf í nálægu votlendi og við tjarnir geti orðið. Í kafla 4.1.2 í þessu álitu er fjallað um þá óvissu sem fylgir vatnstöku m.a. á yfirborðsvatn og þ.a.l. á vatnsstöðu í votlendi og tjörnum en lögð áhersla á vöktun á áhrifum vatnstökunnar. Þá liggur fyrir að bora þarf holur norðan lóðarmarka en þar sem staðsetning þeirra liggur ekki enn fyrir er óljóst um heildarumfang neikvæðra áhrifa, einkum á kríuvarpið. Skipulagsstofnun telur í ljósi aðstæðna að áhrif á fuglalíf muni verða talsvert neikvæð en með fyrrnefndum mótvægisáðgerðum megi draga úr áhrifunum að einhverju marki.



Mynd 1. Útbreiðsla hettumáfs- og kríuvarps. (Úr minnisblaði Náttúrustofu Norðausturlands sem er viðauki með umhverfismatsskýrslu).

4.3 Fráveita – Lífríki fjöru

4.3.1 Mat Rifóss

Í umhverfismatsskýrslu Rifóss kemur fram að áætlað sé að um 260 tonn af uppleystu lífrænu efni fari út í frárennilið, þ.e. í gegnumtromlusúrnar sem fanga fast efni og verður styrkur næringarefna mældur reglulega í fráveituvatni frá eldisstöðinni. Frárennilið verður leitt í niðurgrafinni frárennislögn sem er 150 cm sver um sandfjöru allt að 5 m út fyrir stórstreymisfjöru eða 20 m út frá stórstreymisfjörumörkum. Mikil hreyfing er á efnum í fjörunni og líklegt að fjaran muni ná náttúrulegu ástandi fljótlega eftir að lögn verður komið fyrir og ekki verður þörf á að sprengja fyrir lögninni. Fram kemur að viðtakinn, Öxarfjörður sé líklegast öflugur viðtaki þar sem mikilla strauma gæti og auk þess sem áhrifa gæti frá Jökulsá á Fjöllum.

4.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Hafrannsóknastofnun vísar til laga um stjórn vatnamála í umsögn sinni og bendir á að ekki sé fjallað um að ástand viðtakans skuli vera metið eins og gert sé ráð fyrir í lögunum. Þá hafi ekki verið reiknaður út styrkur næringarefna miðað við frárennilið sem muni koma frá stöðinni. Rifós bendir á í svörum sínum að áhersla verði lögð á að ástand viðtaka muni ekki hnigna og verði þess getið þegar framkvæmdaraðili sæki um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdinni. Þá eru settar fram í svörunum upplýsingar um styrk næringarefna í uppleystu formi miðað við mestu fræðilegu fóðrun.



Fyrir liggur að hreinsibúnaður mun sía út fast efni en næringarefni í uppleystu formi koma til með að berast með frárennsli til sjávar um frárennislögn. Mikilvægt er að staðið verði þannig að verki við framkvæmdir við lögnina að raski verði haldið í lágmarki í fjöruborði. Ennfremur þarf, til þess að ganga úr skugga um að viðtaki, lífríki fjöru og grunnsævis verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum affallsvatns, að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka. Með hliðsjón af áformum Rifóss um meðhöndlun á frárennsli og að í starfsleyfi verði kveðið á um vöktun á losun og áhrifum á viðtaka telur Skipulagsstofnun að áhrif frárennsli á viðtaka, lífríki grunnsævis og fjöru verði óveruleg.

4.4 Ásýnd og útivist

4.4.1 Mat Rifóss

Í umhverfismatsskýrslu Rifóss kemur fram að sjónræn áhrif séu komin fram að einhverju leyti þar sem nú þegar er fiskeldisstöð á svæðinu; með fyrirhugaðri framkvæmd fjölgi byggingum en þær verði að sambærilegu formi og gerð og núverandi mannvirki. Nokkur umferð gangandi vegfarenda er um gamlan veg sem er sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði, upp að jökulruðningnum og muni byggingar koma til með að sjást frá veginum en svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Niðurstaða framkvæmdaraðila sé að áhrif framkvæmdanna verði óveruleg.

4.4.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að áhrif fyrirhugaðrar eldisstöðvar á ásýnd og yfirbragð svæðisins sunnan Kópaskers eru að einhverju leyti komin fram þar sem framkvæmdir við einn kerjapall með tilheyrandi raski eru yfirstandandi eða lokið. Hins vegar er ljóst að umfang bygginga verður mun meira við fyrirhugaðar framkvæmdir og mun ásýnd svæðisins breytast til frambúðar og upplifun íbúa og vegfarenda sem stunda útivist eða eiga leið um svæðið kemur til með breytast. Skipulagsstofnun telur að fyrirkomulag mannvirkja, þ.e. hve vel tekst að fella þau að landi og lágmarka hæð þeirra skipti höfuðmáli m.t.t. áhrifa á ásýnd auk þess sem snyrtileg umgengni sem og frágangur, litaval og lýsing skiptir einnig máli við að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkjanna og starfseminnar. Leggja þarf áherslu á vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar þar sem slík atriði eru líkleg til að draga mjög úr ásýndaráhrifum framkvæmdarinnar að því marki að áhrif framkvæmdanna á ásýnd og útivist verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur að slíkar áherslur þurfi að rata inn í framkvæmda- og byggingarleyfi.

4.5 Náttúruverndarsvæði - jarðminjar

4.5.1 Mat Rifóss

Í umhverfismatsskýrslu Rifóss kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á svæði á náttúruminjaskrá; *Röndin: Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökuls.* Fram kemur að suðurhluti jarðmyndunarinnar sé innan framkvæmdasvæðisins en byggingarreitir kerjapalla eru staðsettir austan við hana. Fyrirhugaður aðkomuvegur liggur að hluta til ofan á jarðmynduninni og raskar yfirborði hennar. Afmörkun svæðisins á náttúruminjaskrá, samkvæmt aðalskipulagi Norðurþings, nær lengra til austurs en jarðmyndunin sjálf. Svæðið austan við Röndina er flatur og uppgróinn sandur en líklegt er að það svæði sé innan afmörkunar sem svæði á náttúruminjaskrá vegna ríks fuglalífs. Framkvæmdaraðili meti það svo að áhrif framkvæmdanna á náttúruverndarsvæði verði óveruleg en varanleg.



4.5.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að stærstur hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er utan við sjávarbakkana sem eru jarðmyndanirnar á náttúruminjaskrá en hluti hennar mun verða fyrir raski vegna aðkomuvegar. Hins vegar er framkvæmdasvæðið allt innan afmörkunar svæðis á náttúruminjaskrá skv. aðalskipulagi Norðurþings sem tekur til mun stærra svæðis en jarðmyndunarinnar en skv. aðalskipulaginu er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir uppbygginguna. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands að mikilvægt sé að raski á jarðmynduninni verði haldið í lágmarki og þar sem nú þegar hafi orðið töluvert rask á svæðinu og auki það mikilvægi þess að að vernda þann hluta myndunarinnar sem minnst er raskaður. Að öðru leyti þarf við allar framkvæmdir að taka tillit til þess að áhrifasvæðið er allt á í og við skilgreint svæði á náttúruminjaskrá skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins og leggja áherslu á vandaða uppbyggingu og frágang mannvirkja og lóðar. Óhjákvæmilega munu verða nokkuð neikvæð áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum á náttúruverndarsvæðið.

5 Skipulag og leyfi

Samkvæmt Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 er svæðið, sem fyrirhuguð framkvæmd er á, skilgreint sem iðnaðarsvæði og er gert ráð fyrir fiskeldisstöð í skilmálum skipulagsins. Fram kemur að gert sé ráð fyrir þjónustuhúsi, kerjum og tilheyrandi búnaði, s.s. fyrir fóðrun. Auk þess sem gert er ráð fyrir að afla sé sjávar með borunum innan svæðisins. Í gildi er deiliskipulag frá árinu 2020 fyrir fiskeldisstöð á Röndinni sem breytt var árið 2021 en deiliskipulagið gerir ráð fyrir 8 borholum innan lóðar og framleiðslugetu upp á 2.000 tonn af laxfiskum á ári. Gera þarf í breytingu á deiliskipulagi varðandi framleiðslumagn og fjöldi borhola auk þess sem Skipulagsstofnun áréttar að deiliskipulag taki til allra mannvirkja tengdum framkvæmdinni, þ.á.m. borhola utan lóðamarka og kann því að þurfa að breyta afmörkun skipulagsins vegna vatnsöflunar utan þess.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. skipulagsslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi skv. mannvirkjalögum. Einnig er hún háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit auk starfsleyfis heilbrigðisnefndar skv. reglugerð um fráveitur og skólp og lögum um matvæli. Þá þarf að afla rekstrarleyfis Matvælastofnunar skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og jafnframt þarf leyfi Orkustofnunar til nýtingar á fersku vatni og jarðsjó skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Að lokum þarf leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Rifós hf. um eldisstöð á Röndinni, Kópaskeri sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Rifóss hf. eru kynnt áform um eldisstöð sem gerir ráð fyrir 8.800 tonna framleiðslugetu á laxfiskum á ári og að standandi lífmassi í stöðinni verði að hámarki 2.700 tonn. Vatnsnotkun verður um 980 l/s á ári en vatnstaka úr borholum verður mest 2.160 l/sek og borholur verða 24 talsins.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda og starfsemi kunna að verða vegna vatnsvinnslu auk áhrifa á fugla. Óvissa ríkir um áhrif dælingar/vatnstöku á grunnvatnssstöðu sem og á stöðu yfirborðsvatns í nálægu votlendi, m.a. í ljósi þessa stutta tíma sem dælingarprófanir fóru fram og



Þess takmarkaða vatnsmagns sem dælt var upp í prófununum. Áhrif framkvæmdanna gætu orðið talsvert neikvæð og leggur Skipulagsstofnun því áherslu á mikilvægi vöktunar og að áfangaskipta þurfi fyrirhugaðri uppbyggingu eldisins til þess að unnt sé að fylgjast með og meta betur áhrif á seltu, niðurdrátt og grunnvatns- og yfirborðsvatnsstöðu með hliðsjón af vöktun.

Varðandi áhrif á aðra umhverfisþætti þá er ljóst að umfangsmikið rask verður á talsvert stórum varpsvæðum kríu og hettumáfs við fyrirhugaðar framkvæmdir og líkur á að hettumáfsvarp leggist af en möguleiki er á að krían færi sig til. Mikilvægt er að útbúa ný varpsvæði fyrir kríur norðan og norðvestan við núverandi varpsvæði þeirra og að ekki verði um framkvæmdir að ræða á varptíma. Skipulagsstofnun telur í ljósi aðstæðna að áhrif á fuglalíf muni verða talsvert neikvæð en með fyrrnefndum mótvægisáðgerðum megi draga úr áhrifunum að einhverju marki. Skipulagsstofnun leggur áherslu á vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar til að draga úr ásýndaráhrifum og að öllu raski verði haldið í lágmarki innan sem utan lóðarmarka þar sem framkvæmdasvæðið er á náttúruverndarsvæði.

Leyfisveitingar og skilyrði

Skipulagsstofnun telur að nauðsynlegt sé að staðsetning borhola liggja skýrt fyrir í umsókn um nýtingarleyfi Orkustofnunar og að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um áfangaskipta uppbyggingu eldisins sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós að vafi leiki á hvort svæðið þoli þá vatnsvinnslu sem fyrirhuguð er. Þá þarf að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og með ástandi viðtaka til þess að ganga úr skugga um að viðtaki, lífríki fjöru og grunnsævis verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum frárennslis frá eldisstöðinni. Skipulagsstofnun telur að ennfremur þurfi að setja ákvæði í framkvæmda- og byggingarleyfi um vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar.

Reykjavík, 11. júlí 2022

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson